

# Aðalfundur Umf. Samherja

## Hrafnagilsskóla 22. mars 2016

Fundur settur kl. 20:30

Mættir voru:

Óskar Þór Vilhjálmsson, Auður Thorberg Jónasdóttir, Benjamín Örn Davíðsson, Sandra Einarsdóttir, Sigurður Ingi Friðleifsson, Elín Nolsöe Grethardsdóttir og Sigmundur Guðmundsson.

### 1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Fundarstjóri: Auður Thorberg Jónasdóttir

Fundarritari: Sandra Einarsdóttir

### 2. Skýrsla stjórnar

Formaður lagði fram skýrslur stjórnar og fór yfir helstu atriði.

### 3. Reikningar lagðir fram

Gjaldkeri lagði fram reikninga félagsins og fór yfir helstu atriði þeirra.

### 4. Umræður um ársskýrslu og ársreikning

Rætt um að halda aftur páskabingó sem var alltaf haldið fyrir páska.

Rætt um að fá bókara til að sjá um bókhald félagsins. Það er mjög umfangsmikið verkefni fyrir gjaldkera að sjá um einan.

Umræður voru um innheimtu æfingagjalda og utanumhald iðkenda. Vilji er til að allir geti iðkað það sem í boði er burt séð frá fjárhagsstöðu og rætt hvort gera ætti kröfur með æfingargjöldum valkvæðar. Fundarmenn voru sammála um að það væri ekki hentugur kostur þar sem líkega myndi of mikið af greiðslum detta út.

### 5. Lagabreytingar

Engar tillögur bárust.

Formaður kom því á framfæri að vinna sé framundan við að fara yfir lög félagsins og koma þeim á heimasíðuna.

### 6. Kosning stjórnar

Tveir aðalmenn ganga úr stjórn; Þorgerður Hauksdóttir og Sigmundur Guðmundsson.

Sigurður Ingi Friðleifsson bauð sig fram sem varamann. Elín Nolsöe Grethardsdóttir og Sandra Einarsdóttir buðu sig fram sem aðalmenn. Engin önnur framboð bárust og þau því sjálfkjörin.

Stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta fundi.

### 7. Önnur mál

Rætt var að halda vinnufund vegna lausra samninga við sveitarfélagið.

Fram kom tillaga að félagið myndi gefa út ársskýrsluna og senda á heimilin í sveitinni. Þá væri fyrirtækjum í sveitinni boðið að auglýsa og styrkja þannig félagið. Hægt væri að láta sumardagskrána fylgja með.

## **8. Fundargerð lesin**

Fundargerð lesin yfir og samþykkt

Fundi slitið kl. 21:50